

BJÓRINN KEMUR!

TRÖLLASÖGUR UM UMBODSLAUN — INNLENDI BJÓRINN NIÐURGREIDDUR?



1. mars 1989 verður eftirleiðis í hugum margra tímamótadagur; dagurinn sem bjórin bætist við fjölbreytt úrval gúðaveiga ÁTVR. Tilfinningar manna í garð þessa ósköp venjulega mánaðardags munu eflaust verða blendnar því á meðan sumir munu minnst hans sem dagsins er Íslendingar komust í hóp menningarþjóða má ætla að aðrir telji hann upphaf gósentíðar Bakkusar í íslensku samfélagi.

Við ætlum að láta slíkar bollaleggingar liggja á milli hluta að sinni. Þess í stað er ætlunin að spá í hugsanlega

bjórneyslu Íslendinga, hvers konar öl verði hér á boðstólum, hverjir muni sjá okkur fyrir hinum íslenska miði og hvaða umboðsaðilar það eru sem dattu í lukkupottinn að þessu sinni.

15 MILLJÓN LÍTRA

Þegar reynt er að spá í neyslu manna á bjór hér á landi er auðvitað rennt blint í sjóinn. Þegar þetta er skrifað um miðjan febrúar hefur útsöluverð ekki enn verið ákveðið, en uggaust munu spádómar ráðast nokkuð af þeim þætti. Hins vegar hafa forsjármenn ÁTVR einatt byggt á neyslutölum upp á 7-10 milljón lítra á

ári og miðað við reynslu annarra þjóða er sú tala eflaust í lægri kantinum.

Það er athyglisvert að líta á neyslutölur frænda okkar á Norðurlöndunum því þar er mismunur á milli landa firna mikill. Á Grænlandi neyta menn langmest af sterku öli eða 313 lítra á ári á hvern einstakling 15 ára og eldri. Ótrúleg neysla það. Næstir í röðinni eru Danir með 150 lítra á ári, þá Finnar með 77 lítra, Norðmenn með 60 lítra, Færeyingar með 53 lítra og Svíar með 46 lítra á hvern einstakling 15 ára og eldri.

Þrátt fyrir bann við sölu bjórs á Íslandi utan Frfhafnar kneyfum við tæplega 27 lítra á ári hver Íslendingur